



Reykjavík, 31.05.2019 /

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Efni: Kæra vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda við skíðasvæðið í Bláfjöllum

Orkuveita Reykjavíkur-vatns og fráveita sf. og Hafnarfjarðarbær (kærendur) kæra hér með ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 26. apríl sl. um að fyrirhugaðar framkvæmdir við skíðasvæðið í Bláfjöllum skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Gerð er krafa um að ákvörðunin verði felld úr gildi og ákveðið að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.

Um aðild Orkuveitu Reykjavíkur-vatns og fráveitu sf.

Orkuveita Reykjavíkur-vatns og fráveita (Vof) sf. kt. 591213-0160 fer með lögbundin verkefni Reykjavíkurborgar skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og rekur vatnsveitu í Reykjavík en selur einnig Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi neysluvatn í heildsölu. Þrátt fyrir það var við undirbúning hinnar kærðu ákvörðunar ekki aflað umsagnar fyrirtækisins. Er þar að mati Orkuveitu Reykjavíkur-vatns og fráveitu sf. um að ræða skýrt brot á lögum 106/2000, en þar segir í 3. gr. að umsagnaraðilar séu opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum er varða matsskyldar framkvæmdir eða umhverfisáhrif þeirra. Með heimild í 1. mgr. 4. gr. laga 32/2004 hefur Orkuveitu Reykjavíkur-vatns og fráveitu verið falið að annast réttindi og skyldur Reykjavíkurborgar skv. lögnum, sbr. einnig 2. gr. laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveita Reykjavíkur vatns- og fráveita aflar neysluvatns í Heiðmörk (Gvendarbrunnum, Jaðri, Myllulæk og Vatnsendakrikum). Aðrennslissvæði Vatnsendakrika nær frá Vatnsendakrikum í vestri, austur að Sandskeiði þar sem aðrennslissvæðið sveigir í suðurátt meðfram vatnaskilum í Vífilfellshlíð, allt að Bláfjöllum og víðar. Því er ljóst að framkvæmdir, bæði á Bláfjallavegi og skíðasvæðinu í Bláfjöllum geta haft neikvæð áhrif á grunnvatn sem berst í vatnstökusvæðin. Fyrirtækið hefur ríkra hagsmuna að gæta fyrir hönd almennings og meirihluta landsmanna sem njóta neysluvatns af áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Rétt er að geta þess að í umsögn Veitna um tillögu að deiliskipulagi fyrir Bláfjöll – skíðasvæði í Kópavogi, dags. 13. júlí 2018 var sérstaklega óskað eftir formlegri aðkomu að verkefninu með því að vera umsagnaraðili að tilkynningu um matsskyldu framkvæmda þegar þar að kæmi.


Með því að ekki var aflað umsagnar stærstu vatnsveitu höfuðborgarsvæðisins lágu mikilvæg sjónarmið hennar um vatnsvernd ekki til grundvallar hinni kærðu ákvörðun og verður að telja að þegar af þeirri ástæðu beri að fella hana úr gildi.

Rétt er að geta þess að Hafnarfjarðarbær var umsagnaraðili í hinu kæra tilviki svo þessi þáttur kærunnar á einungis við um Orkuveitu Reykjavíkur-vatns og fráveitu sf.

Um efni hinnar kærðu ákvörðunar

Kærendur telja að mestu mögulegu umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda séu vegna aukinnar umferðar við framkvæmdir á skíðasvæðinu í Bláfjöllum og tilheyrandi hættu á óhöppum og mengun. Auk þess munu framkvæmdirnar leiða til þess að rekstrartími skíðasvæðisins lengist, og að komið verði upp aðstöðu þannig að unnt verði að taka á mót fleiri skíðaiðkendum. Af þessu leiðir að umferð og álag á Bláfjallaveginum mun aukast, en vegurinn liggur að hluta til á grannsvæði og að hluta til á fjarsvæði vatnsverndar og straumar frá svæðinu liggja að vatnsbólum í Heiðmörk. Möguleg slys eða óhöpp, t.d. vegna útafaksturs, geta haft varanlegar og óafturkræfar afleiðingar í för með sér fyrir vatnsból höfuðborgarsvæðisins. Kærendur telja að hvorki hafi verið gerð grein fyrir þessari hættu í tilkynningu um matsskyldu og svörum framkvæmdaraðila né áætlaðri aukningu bílaumferðar og mótvægisáðgerðum framkvæmda.

Samkvæmt aðgerðaráætlun Vegagerðarinnar og svörum framkvæmdaraðila, sem uppfærð voru 12. febrúar 2019 (Bláfjöll - skíðasvæði í Kópavogi. Fyrirspurn um matsskyldu. Umsagnir og athugasemdir. Viðbrögð Skíðasvæðis Höfuðborgarsvæðisins (SHB) við umsögnum. 3. desember 2018, uppfært 12. febrúar 2019), mun Vegagerðin setja vegrið á valda vegkafla Bláfjallavegar áður en framkvæmdir við skíðasvæðið hefjast, en vegfláar verða lagfærðir á völdum köflum árin 2021 og 2022 til að forðast útafakstur og er stefnt að því að úrbætur á völdum vegköflum muni halda áfram á árunum 2023 - 2025. Áformað er að hefja snjóframleiðslu og byggja nýja stólalyftu áður en þessar úrbætur hefjast, eins og sést á meðfylgjandi tímalínu. Hún sýnir glögglega að þær framkvæmdir sem að mati kæranda munu valda hvað mestri hættu á mengun vatnsbóla munu hefjast áður en grunnvatnsrannsóknir sem og mótvægisáðgerðir hefjast. Það telja kærendur með öllu óásættanlegt og krefjast þess því að ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin teljist ekki matsskyld skuli felld úr gildi og ákveðið að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.



Kærendur leggja áherslu á að unnið sé að því að skera úr um legu grunnvatnsskila á svæðinu, þar sem ekki er mögulegt að draga ályktun um þau út frá fyrirliggjandi gögnum. Það er að mati kæranda ekki ásettanlegt að taka ákvörðun um frekari uppbyggingu á Bláfjallasvæðinu fyrr en traustari vísindalegur grunnur liggur fyrir. Þetta þarf að gera með borun borhola á svæðinu. Það hefur lengi legið fyrir að rannsóknir og þekkingu skortir á grunnvatnsstraumum á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins á Bláfjallasvæðinu. Það er afar óheppilegt þegar litið er til mikilvægis neysluvatnsauðlindarinnar. Kærendur hafa ítrekað bent á þetta í umsögnum um skipulagsáætlanir á höfuðborgarsvæðinu. Kærendur ítreka því mikilvægi þess að bæta með rannsóknum við þann þekkingargrunn sem nauðsynlegur er til

að leggja mat á og taka upplýstar ákvarðanir um framkvæmdir þannig að þær ógni ekki öryggi neysluvatns.

Kærendur benda í þessu sambandi á að í álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Þríhnúkagígs frá 28. desember 2012 kemur fram á bls. 23: „Skipulagsstofnun tekur undir að mikilvægt sé að óvissu um mengunarhættu á vatnsverndarsvæði þurfi að lágmarka og til þess þurfi að fara fram nauðsynlegar rannsóknir [...] Frekari rannsóknir verði eðli málsins samkvæmt liður í þekkingaröflun sveitarfélaganna um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.“

Um afmörkun framkvæmdarinnar.

Kærendur telja mikilvægt að meta umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda í heild, eins og framkvæmdir eru kynntar í deiliskipulagi fyrir Bláfjöll- skíðasvæði í Kópavogi, en skipta þeim ekki upp í hluta eins og gert er í hinu kærða tilviki. Aðeins er þar fjallað um hluta þeirra framkvæmda sem gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi svæðisins. Miklu varðar að meta heildaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnsvernd. Er í því sambandi m.a. bent á úrskurð nefndarinnar í málinu nr. 60/2015 um Kerlingarfjöll.

Niðurlag

Kærendur ítreka kröfu um að ákvörðun Skipulagsstofnunar um að fyrirhugaðar framkvæmdir við skíðasvæði í Bláfjöllum skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum verði felld úr gildi og áskilja sé rétt til að leggja fram frekari gögn.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur-vatns og fráveitu sf.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar



Arndís Ósk Ólafsdóttir
Forstöðumaður vatnsveitu



Hafnarfjarðarbær

Umhverfis- og skipulagsþjónusta

Sviðsstjóri

Sigurður Haraldsson

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu